

<p>1. Auknir styrkir til íþróttastarfs, bæði almenn og afreks.</p> <p>2. Aukið svigrúm fyrir þjálfara og íþróttafólk frá vinnu vegna íþróttastarfs.</p> <p>3. Þjóða fram aðstöðu t.d. fundarherbergi og fundarsali fyrir íþróttafélög sem vantar aðstöðu eða t.d. aðgang eða styrki til líkamsræktar fyrir afreksfólk.</p>
<p>1. Styrkja tekjugrundvöll félaga, þar sem vinnan hefst, þar sem iðkendur hefja sitt íþróttastarf. Ný afreksstefna má ekki koma niður á starfi og tekjugrundvelli félaga.</p> <p>2. Skattalegar ívilnanir/hvatar vegna íþróttafólks í störfum utan íþrótt sinnar. Afreksíþróttafólk þarfnast viss margra fjarvistartíma til að geta stundað og keppt í sinni íþrótt. Svo fyrirtæki sjái hag sinn í að hafa slíkt fólk í starfi þurfa að koma til skattalegar ívilnanir fyrir fyrirtæki.</p> <p>3. Eyrnamerkja styrki úr atvinnulífinu til einstakra starfa.</p>
<p>Fjármagn, vörur, þjónusta</p> <p>Stöðugildi innan fyrirtækis sem íþróttafólk og þjálfarar geta sótt um, þar sem sveiganleiki er til staðar.</p> <p>Fyrirtæki styrkja íþróttafólk - sem jafngildir stöðu innan fyrirtækis.</p>
<p>1. Leggja áherslu á ráðningar afreksfólks í hlutastarf líkt og í nágrannalöndum og gefa þeim "sveigjanleika" til mætingar vegna íþróttar.</p> <p>2. Gera meira úr því íþróttafólki sem er nú þegar á vinnumarkaði sem "fyrirmyndir" fyrir aðra starfsmenn og viðskiptavinum.</p> <p>3. Setja aukið fé í allar íþróttir, líka þær sem ekki eru í sjónvarpi (með vikulega leiki) og sýna þar með samfélagslega ábyrgð.</p>
<ul style="list-style-type: none"> •Vantar sveigjanleika frá atvinnulífinu fyrir þjálfara afreksstarfs því margir eftirsóttustu þjálfararnir eru í dagvinnu t.d. í íþróttakennslu en æfingatími íþróttafélaga er að færast fram og byrja fyrir kl 16 á daginn. Atvinnuveitendur ættu að sýna þjálfurum svigrúm til þess að geta sinnt þjálfun á "gæða tíma". •Atvinnulífið gæti komið meira inn í íþróttaviðburði almennings s.s. halda viðburði eins og hlaup eða annað. •Atvinnulífið mætti leita meira til íþróttafélaga í ráðgöf fyrir heilsueflingu á þeirra mannauði og í stað þeirra ráðgjafar fengi íþróttafélagið vænan styrk.
<p>1. Atvinnulífið gæti stutt betur við ungt afreksfólk í landsliðsverkefnum.</p> <p>2. Að sjá til að styrkir renni ekki bara til meistaraflokka, heldur líka yngri flokka.</p> <p>3. Að gera þá kröfu að íþróttafélög sem fá styrki frá þeim séu vel rekin.</p>
<p>1. Hlunnindi/sáttmáli/skilningur sem vinnuveitandi gerir við sinn starfsmann t.d. að þurfa ekki nýta orlof eða annað í fjarveru.</p> <p>2. Fjármagn/vörur/styrkir</p> <p>3. Hópefli í fyrirtækjum tengt íþróttum - fræðsla, mæta á leiki/keppnir, skapa menningu sem hugsanlega kemur til fækkunar á veikindadögum.</p>
<p>Meta afrekshugsun og aga þannig að afreksfólk sé metið sem eftirsóttarvert vinnuafli</p> <p>Fagleg nálgun og viðurkenning á afreksíþróttum sem jákvæð ímynd sem sé verðmæt fyrir fyrirtæki</p> <p>Viðurkenna og styðja afreksstarf sem langtímaverkefni sem aðilar þurfa að standa saman um</p>
<p>Meira fjármagn og betri stýring á því til þriggja þátta, sem eru:</p> <p>Sérsambönd í landsliðsverkefnum</p> <p>Íþróttafélög</p> <p>Afrekssjóður.</p> <p>Einnig mætti skoða markaðssetninguna, gera það áhugavert út á við að styrkja afreksstarf.</p>

<p>*Að fyrirtæki bjóði íþróttafólki/þjálfurum full laun fyrir minni vinnu svo að þau geti sinnt sínu íþróttastarfi að fullu. Íþróttastaða innan fyrirtækis 50-75% staða innan fyrirtækis en full laun.</p> <p>*Komið að því að aðstoða með aðföng t.d. með því að uppfæra áhöld, bæta aðstöðu innan félaga/sambanda, styrkt ferðir m.a. með því að létta undir ferðakostnaði með flugmiðum eða öðrum ferðakostnaði.</p> <p>*Atvinnulífið bjóði íþróttahreyfingunni sérfræðinga sína, t.d. markaðsfræðinga, bókhaldara og fl.</p>
<p>Atvinnurekjendur gefi afreksíþróttafólki og þeim sem koma að hreyfingunni svigrúm til æfinga og keppni.</p> <p>Peningar - Við viljum fá meira frá fyrirtækjunum í landinu.</p> <p>Hjálpa til með fjáraflanir - Reyna að finna leiðir til þess að virkja fyrirtækin til að auka framboð af fjáröflunum til félaga og sérsambanda.</p>
<ol style="list-style-type: none">1. Liðleiki/sveiganleiki fyrir starfsfólk sem að er að keppa í íþróttum2. Fyrirtæki sem að geta boðið upp á sveiganleika í starfi fyrir íþróttafólk, auglýsa það fyrir íþróttafólk - Þau fyrirtæki sem að bjóða upp á þessa hluti geta auglýst að þau séu "íþróttafyrirtæki"3. Þau fyrirtæki sem að geta ekki styrkt um pening að fá þau til að styrja þá frekar um vörur
<p>#Mörg stór fyrirtæki hafa dregið úr fjármagni undanfarin ár. Mörg fyrirtæki styrkja sérsambönd og hafa hætt að styrkja félög.</p> <p>#Getur atvinnulífið mætt íþróttahreyfingunni svipað og þegar björgunarsveitarmaður/kona er kallaður út. Launuð fjarvera.</p> <p>#Mikil samkeppni á milli félaga, þyrfti að vera samfélagssjóður sem styrkir félög á hverju svæði fyrir sig. Markaðsmál eru heil atvinnugrein sem erfitt er fyrir félög að sinna.</p> <p>#Styrktaraðilar koma inn með fjármagn og stundum er skilyrði styrkjanna mikill kostnaður á móti. Þetta eru því skilyrtir styrkir sem félögin bera kostnað af.</p>
<p>Peningar</p> <p>Bjóða upp á sveiganleg störf fyrir afreksfólk</p> <p>Sponsa búnað o.fl.</p>
<ol style="list-style-type: none">1. Koma með meira fjármagn inn í sérsamböndin. Þau geta þá dreift fjármagninu eftir því hvað þeirra íþróttir þurfa á að halda hverju sinni. Sérsamböndin geta þá auglýst félögin á öllum sínum mótum/leikjum.2. Ráða afreksíþróttafólk til starfa, í sveigjanlega vinnu og tengjast þeim í gegnum auglýsingar. Tengja afreksíþróttafólk við ákveðin fyrirtæki, þau geti þá orðið andlit fyrirtækjanna eða verið með fyrirlestra og annað fyrir það fyrirtæki. Þetta er tilvalið auglýsingatækifæri fyrir félögin að fara í auglýsingaherferðir með íþróttafólk í forgrunni.3. Atvinnulífið gæti styrkt stórmót í meira magni, stuðlað að því að sérsamböndin gætu haldið stór alþjóðleg mót. Þetta aukir sýnileika fyrirtækjanna úti í heimi. Okkar iðkendur vilja geta keppt á stórum mótum hér á landi og fengið stuðning íslenskra áhorfenda og fyrirtækja. Þetta gefur gífurlega góða ýmind á fyrirtækin, bæði hér á landi, meðal íþróttafólks og íþróttafélaga.

<p>1. Fjármagn - beint inní hreyfinguna. T.d. með auglýsingum og bakhjarlar móta.</p> <p>2. Sveigjanleiki fyrir starfsfólk að taka þátt í íþróttum.</p> <p>3. Samvinna milli atvinnulífs, sveitarfélaga og íþróttafélaga. Að fella hindranir í stjórnkerfinu. Fólk sé t.d. ekki að lenda í vandræðum með að fá styrki og vegna lögheimilis.</p> <p>Háskólar/menntaskólar þurfa einnig að sýna sveigjanleika. Þjálfarar þurfa líka að fá sveigjanleika t.d. hjá skólum og atvinnurekendum.</p> <p>4. Samstarf milli fyrirtækja og íþróttafélaga. - Getur verið í að veita þjónustu t.d. leggja til vörur eða þjónustu. Gæti t.d. fyrirtæki í einkarekstri í heilbrigðisþjónustu gætu veitt þjónustu.</p>
<p>1. Atvinnulífið gæti komið að uppbyggingu aðstöðu í sínu nærumhverfi sem styrkir afreksstarfið.</p> <p>2. Kynna atvinnulífinu fyrir hinum margvíslegu kostum þess að styrkja afreksíþróttastarf á landsvísu. Samfélagsleg ábyrgð er hluti af atvinnulífinu og getur skilað svo margföldum árangri. Það væri frábært að markaðsetja þetta betur til að fá aukin stuðning stærri fyrirtækja.</p> <p>3. Setja á laggirnar sjóð þar sem fjármagn kemur frá ríki, sveitafélögum og fyrirtækjum sem myndu styrkja öll börn jafnari tækifærum til að stunda íþróttir.</p>
<p>- Fyrirtæki leggi til sjálfboðaliða eða umbuni sérstaklega sjálfboðaliðum. Ríkið tryggi skattvildun fyrir slíkan stuðning líkt og fjárhagslegan.</p> <p>- Beinan fjárstuðning til TEAM ICELAND líkt og Íslandsstofufyrirkomulagið</p> <p>- Koma að byggingu íþróttamannvirkja líkt og þekkist erlendis</p>
<p>Sveigjanleiki í starfi fyrir íþróttafólk</p> <p>Taka þátt í að reka íþróttahreyfinguna sem samfélagslegt hlutverk (ábyrgð)</p> <p>Hjálpað til að við gera íþróttafyrirmyndir sýnilegri</p>
<p>Taka sér Höld til fyrirmyndar.</p> <p>Setja íþróttafólk á launaskrár fyrirtækisins.</p> <p>Gæta þess að svigrúmi sé fyrir íþróttafólk og foreldra íþróttfólks sem starfa á fyrirtækjum.</p>
<p>1. Svigrúm til að geta æft.</p> <p>2. Atvinnulífið komi meira að félagslegum þáttum hjá aðildarfélögum.</p> <p>3. Atvinnulífið veiti meiri styrk og fjármagn inn í félögin eða til einstakling fyrir búnaði s.s. ef einstaklingur í 2 fl. í Knattspyrnu þarf að kaupa sér æfingasett eða skó að það sé greitt á móti eða niðurgreitt að hluta til.</p> <p>Getur verið kostnaðarsamt fyrir einstakling í framhaldsskóla sem hefur ekki fjárhagslegt bakland, er að æfa 5X í viku og þarf síðan að vinna á móti, ásamt að sinna námi.</p>
<p>landinu.</p> <p>Ríkið setji upp gulrót fyrir fyrirtæki til að styrkja íþróttir, í formi styrkja, ráðningu afreksfólks að þau séu með stöðugildi innan fyrirtækisins sem eru hugsuð til að styrkja afreksfólk.</p> <p>Fyrirtæki styrki afreksfólk bæði til afreka og náms. Nám sem viðkomandi fyrirtæki gæti einnig notið góðs af ?</p> <p>Fyrirtæki noti íþróttafólk í stað áhrifavalda, til að koma vörum og þjónustu á framfæri. Nýti sér þjónustu afreksíþróttafólks sem hluti að stuðningi við afreksíþróttir.</p>
<p>Að fyrirtæki átti sig á hversu mikil samfélagsleg áhrif þau geta haft og sýni samfélagslega ábyrgð með því að styðja við íþróttastarf - ekki eingöngu fjárhagslegt einhliða samband, heldur tvíhliða samband með því að byggja upp traust og tengsl þannig að báðir aðilar græða.</p> <p>Gefa íþróttafólki tækifæri til að stunda íþróttina sína samhliða því að hafa lífsviðurværi. Sýna því skilning og veiti sveigjanleika þegar þarf, en geri að sama skapi kröfur og kenni þeim ákveðið vinnusíðferði sem mun skila þeim langt bæði í leik og starfi.</p>

<p>Leita tækifæra til að styrkja félög á víðari grunni td. með vörum og þjónustu</p> <p>Fyrirtæki sjái tækifæri í því að styrkja og styðja við íþróttafélög og fara í samstarf, þannig geta þau m.a. bætt ímynd fyrirtækis og viðhorf til vörumerkis</p> <p>Vilja til að veita íþróttafélögum vöru og þjónustu á kostnaðarverði</p>
<p>A. Afreksfólkið a launaskrá til að tryggja lýðréttindi. B. Gera úttekt á efnahagslegri þýðingu afreksíþróttar. C. Gefi afreksstyrki af hluta arðgreiðslna og styrkja félög og einstaklinga í nærumhverfinu.</p>
<p>1 - Auka samvinnu ÍSÍ og atvinnulífs m.t.t. auglýsinga og kynningarstarfs - sérstaklega einsaklingsíþróttar sem gjarnan falla í skuggann af hópíþróttafólki. Mikil vinna íþróttafólks sem fer í þetta til að halda sér á floti og mörg hver ekki í góðri samkeppnisstöðu.</p> <p>2 - Ráða afreksíþróttafólk til "starfa" - eða hafa á launaskrá án sérstaks vinnuframlags sbr. skráning afreksíþróttafólks í sænska herinn - sem fær laun en þarf ekki að sinna herskyldu.</p> <p>3 - Sveigjanlegur vinnutími íþróttafólks og foreldra án launaskerðingar - vegna æfinga, æfingabúða, keppna og ferðalaga sem þeim tengjast - jafnvel vegna skuttls á æfingu.</p>
<p>Styrkja beint landsliðskrakka. Veita starfsfólki sama svigrúm og björgunarsveitafólki/slökkviliðsfólki með launum á meðan æfingum og keppni stendur.</p>
<p>1. Skýr stefna atvinnulífs og íþróttahreyfingarinnar til samstarfs um þróun afreksstarfs 2. Nýting á sérfræðiþekkingu atvinnulífsins t.d. í tengslum við markaðsstarf, skipulagningu, samfélagslegum verkefnum, skapa atvinnutækifæri fyrir afreksíþróttafólks, fá íþróttafólk til að vera fyrirmyndir í tengslum við auglýsingar og sýnileika í samfélaginu, sérkjör og afslættir! 3. Atvinnulífið skapi sjóð fyrir íþróttagreinar sem njóta ekki sama áhuga og stóru vinsælu greinarnar þar sem er einfaldara að ná í fjármagn.</p>
<p>1. Tengja betur saman fyrirmyndir/afreksfólk/félög og fyrirtæki/atvinnurekendur. Það er eitt að koma inn með pening en annað að hlúa að góðu samstarfi til lengri tíma þar sem báðir aðilar geta skilað einhverju á borðið og átt í góðri samvinnu.</p> <p>2. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja að hlúa að og styðja við íþróttastarf í landinu, barna og unglíngastarf, sem svo eru starfsfólk framtíðarinnar. Einnig geta íþróttafélög eða sambönd tekið að sér samfélagsleg verkefni sem fyrirtæki styðja svo við bakið á.</p> <p>3. Vitundarvakning og miðlun fræðslu frá íþróttahæminum yfir í atvinnulífið, breikka þá flóru fyrirtækja sem tekur þátt í að styðja við íþróttastarf, ekki að það velti á því hvort að stjórnendur fyrirtækja séu gamlir íþróttamenn eða ekki, að fleiri sjái virði þess að tileinka sér þá færni sem til er innan hreyfingarinnar.</p>
<p>Fyrirtæki geti boðið afreksíþróttafólki að komast inn á vinnumarkaðinn með sveigjanlegri vinnu (flexjob). Þannig er þeim tryggð starfsreynsla og eru kominn inn á markaðinn.</p> <p>Komið til móts við fyrirtæki með ívilnunum, td. skattalega. Búa til hvata fyrir fyrirtæki til þátttöku. Eru til lög um almannheillafélög - en þarf að upplýsa um þau.</p> <p>Að fyrirtæki geti komið sér saman um að styrkjum sé beint í rétta átt. T.d. með því að hægt sé að styrkja íþróttahreyfinguna, án þess að styðja við einstakt félag - einskonar sjóður sem stýrt er með útteilingu.</p>

-Að atvinnulífið taki þátt í því með yfirvöldum og íþróttahreyfingunni að tryggja besta afreksfólki þjóðarinnar viðunandi umhverfi til æfinga, keppni og launa. Að búa til samstarf við atvinnulífið um að taka að sér að liðsinna við rekstur afrekseinstaklings, ferill í íþróttum og svo starfi. Þannig væru fyrirtæki hvött beint til þess að leggja sjóði eins og afrekssjóði stuðning. Gera það eftirsóknarvert að vera meðlimur í íþróttafjölskyldunni.

-Atvinnulífið gæti gert gríðarlegt gagn með því að vera með íþróttaeftandi eldhuga í hlutastörfum í sínum fyrirtækjum. Viðkomandi væri starfsmaður sem myndi samræma þessa þætti fyrirtækisins. Atvinnulífið gæti gefið þessum eldhugum sem eru drifkraftur í íþróttum sérstakan gaum innan sinna raða enda er oft mikið „braindrain“ þegar eldhugarnir hverfa frá sínum störfum í þjálfun eða rekstri íþróttafélaganna.

1. Styrkja starfið með auglýsingum og öðrum styrkjum
2. Ráða afreksíþróttamann i vinnu og sýna þeim viðeigandi sveigjanleika.
3. Ákveðin fyrirtæki sérhæfa sig og styrkja ákveðnar íþróttagreinar, dæmi N1 fyrir allt skíðafólk á Íslandi

Höfum ekki skoðun á þessu

1. Sveigjanleiki fyrir afreksfól að sinna sinni íþrótt.
2. Aukinn fjárstuðningur
3. Skilningur, stengja saman setja fólk á launaskrá

1. Boðið upp á fleiri störf sem henta íþróttafólk.
2. Lagt meiri pening í íþróttafélagi.
3. Veitingastaðir geta boið upp á frían mat fyrir að æfa frítt.

1. Stórfyrirtæki þurfa ða vera duglegri að styrkja íþróttafélög.
2. Kynna sig fyrir íþróttastarfi.
3. Veiga íþróttafólki sveigjanlega vinnu og vinnutíma